


Kiwanis



Fréttabréf K-dagsnefndar

1. tbl. 16. ágúst 2016

Ábyrgðarmaður Gylfi Ingvarsson gylfiing@simnet.is

Heimasíða: www.kiwanis.is

Hér fer af stað Féttabréf K-dagsnefndar til Kiwanisfélaga til upplýsingar um stöu mála. Á Kiwanisþingi í Vestmannaeyjum var samþykkt að halda áfaram að styrkja geðverndarmál undir kjörorðinu.

“Gleymum ekki Geðsjúkum”

Á umdæmisþingi í Reykjavík í vor fór fram kynning á K-deginum og samþykktum styrktarverkefnum.

Umdæmisstjórn skipaði Gylfa Ingvarsson úr Hraunborg formann nefndarinnar. Einnig eru Líney Bergsteinsdóttir úr Vörðu, Eiður Ævarsson úr Keili og Sigurður Svavarsson úr Höfa í stjórn K-dagsnefndinni.

- Stjórnin hefur fundað reglulega sett verkefni og kynningu á K-degi í vinnslu.
- K-dagsnefndin hefur óskað eftir tengiliðum við nefndina frá hverjum klúbba. Einnig frá Hverju svæði
- **Sýslumaðurinn á Suðurlandi** sem fer með leyfi til fjársöfnunar hefur heimilað K-dags nefndinni að standa fyrir landssöfnun **1. – 10 október 2016**
- **Forseti Íslands hr. Guðni Th. Jóhannesson hefur samþykkt að verða** verndari K-dagsins.
- Sent hefur verið beiðni til **Bjarna Benediktssona fjármálaráðherra** um að fá niðurfellingu á vsk, en svar hefur ekki borist.
- Búið er að semja við **Valitor** um posaleigu og umsýslu og er ánægjulegt að hafa fengið hagstæðari samning en síðast.
- Eins og síðast þá hefur K-dagsnefnd samið við **Margmiðlun** um kynningar mál og búið að setja upp viðburðaáætlun í kynningarmálum. Lárus Guðmundsson er þar í forsvari eins og síðast.
- Myndbandið sem gerð varð síðast verður endurtalsett og er í vinnslu.
- Send hafa verið bréf til félagasamtaka þar sem látið er vita af landssöfnun okkar og á sama hátt virðum við þeirra safnanir.
- Búið er að semja við sama framleiðanda í Kína og síðast og sama umboðsaðila og munu Samskip sjá um flutning og kostnað vegna flutnings og stefnt er að lyklarnir verði komnir til landsins upp úr næstu mánaðarmótum.

- **Samþykkt hefur verið að selja “Lykil að lífi” á kr. 2.000**
- Sölulaun til samstarfsaðila við sölu verður kr. 500, ekki er litið á þetta sem kostnað heldur sem styrk til samstarfsaðilans.
- Áriðandi er fyrir klúbba að hefjast handa við undirbúning og þeir klúbbar sem þurfa að fá til liðs við sig söluaðila þurfa að fara sem fyrst í málið.
- Upplýsingar um verkefnið verða send á tengiliði einnig á Heimasíðu umdæmisins og fésbóksíðu umdæmisins
- Formaður fór í vikufri til Akureyrar og nýtti tímann m.a. til þess að funda með Kiwanisfólki á Sauðárkróki, Akureyri, Mývatni og Húsavík þar sem farið var yfir undirbúning og stöðu, góðir fundir með góðu fólki.

Samþykkt styrktarverkefni í ár eru:

- **BUGL, barna og unglingsgeðdeildin**
- **PIETA, nýstofnið samtök til að vinna að forvörnum fyrir fólk með sjálfskaða og sjálfsvígs hugsanir.**

Bæði verkefni eru þjónusta við allt landið.

Næstu verkefni eru að:

- **Fá til liðs við verkefnið styrktaraðila.** Hér er um stórt mál að ræða og allir þeir sem geta veitt okkur lið hafið samband og fáið kynningarbæklinginn.
- Eftir ern að semja við baka sem fjársýsluaðila en síðast var það Landsbankinn og er von á niðurstöu sem fyrst.
- Eftir er að semja við símafyrirtæki um söfnunarlínu.
- Til að auðvelda klúbbum að semja við aðila um aðstoð við sölu K-lykilsins verður útbúinn kynningarbæklingur með útfærsla á samkomulagi svo allir vinni á sama hátt.

K-dagsnefndin í samstarfi við alla Kiwanisfélaga á Íslandi ætla að standa vel að öllum undirbúningi, þannig munum við ná góðum árangri í stuðningi Kiwanishreyfingarinnar við geðverndarmál.